

**108. fundur**  
Mánudagur 5. febrúar  
Skrifstofa SHA



**Stúdentaráðs**  
2024 kl. 18:00

**Fundarritari: Hanna Karin**

**Mættir:** Sólveig Birna (forseti), Hanna Karin (varaforseti), Ragnheiður Rós (fjármálastjóri), Bryndís, Páll, Erla, Cristina, Æsa, Silja, Rakel, Lilja, Hulda, Fanney, Berglind, Hildur, Þorsteinn (data).

**Fundur settur:** 18:04

## **Fundardagskrá**

### **1. Tilkynningar frá framkvæmdastjórn**

- Þarfagreining Rannsókn. Verena Karlsdóttir er að vinna í námskeið kennsluþróun og rannsóknir hjá Guðrúnu Geirs í kennslufræði háskóla.
  - Þessi rannsóknartillaga miðar að því að framkvæma ítarlega mat á þörfum, námsárangri og skoðun nemenda til náms og námsmatsaðferðum sem byggir m.a. á nýlegum rannsóknum á vegum SHA.
  - Greiningin getur hjálpað til við að sérsníða námskeið til að mæta sérstökum þörfum fjarnema, og að skilja einstakar þarfir og áskoranir nema á landsbyggð sem eru oftast í fullri vinnu og með fjölskyldu. Enn fremur til að bera kennsl á þætti sem geta haft áhrif á þátttöku nemenda í fjarnámi og mögulegt brotthvarf þeirra.
- Stúdentaráð fór yfir könnunina og þær breytingartillögur sem bárust.

### **2. Möguleg sameining HA og Háskólans á Bifröst**

- Fundurinn átti að vera síðasta föstudag en var felldur niður vegna veðurs
- Sólveig og Erla sátu opinn fund hjá Samfylkingunni varðandi framtíð Háskólans á Akureyri.
- Háskólinn á Akureyri með opna teams rás þar sem Eyjólfur Rektor svarar öllum spurningum varðandi sameininguna. Það væri sterkur leikur ef Stúdentaráð safnaði saman spurningum og sendi inn á þessa rás.

### 3. Árshátíð

- a) Formenn aðildarféлага kaupa sjálf vín og gajol.
- b) Ákveða þarf fjölda bjórmiða

### 4. Önnur mál

- a) Rætt var um þriðju greiðsluna. Eitt aðildarfélag stóðst ekki fjárhagsáætlun og fá því ekki þriðju greiðsluna. Ákveðið var að sá peningur verði deildur niður á öll aðildarfélög eftir hlutfalli.
- b) Við erum að fara vera með vefverslun. Endilega koma með hugmyndir af vörum sem hægt væri að selja.
  - a. Hettupeysur
  - b. Húfur
  - c. Brúsi (Chilly's brúsi)
  - d. Ferðakaffimál
  - e. Skóladagbók

**Fundi slitið: 19:10**